

# STJÓRNARTÍÐINDI A 19 — 1980

---

---

Nr. 72.

302

4. október 1980.

## AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

*Í forsætisráðuneytinu, 4. október 1980.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Guðmundur Benediktsson.*

Nr. 73.

26. nóvember 1980.

## LÖG

um tekjustofna sveitarfélaga.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 13. 9. apríl 1980 um breyting á lögum nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga hef látið fella ákvæði hinna fyrrnefndu laga inn í meginmál laga nr. 8 22. mars 1972 um tekjustofna sveitarfélaga ásamt síðari breytingum og gef þau út svo breytt:

#### I. KAFLI

##### Almenn ákvæði.

##### 1. gr.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru þessir:

- a. Fasteignaskattur.
- b. Framlög úr Jöfnunarsjóði.
- c. Útsvör.
- d. Aðstöðugjöld.

Fer um tekjustofna þessa samkvæmt því, er lög þessi ákveða.

##### 2. gr.

Auk tekna samkvæmt 1. gr. hafa sveitarfélög tekjur af eignum sínum, eigin atvinnurekstri og stofnunum, sem reknar eru í almenningsþágu, svo sem vatnsveitum, rafmagnsveitum, hitaveitum o.fl., enn fremur ýmsar aðrar tekjur, svo sem leyfisgjöld o. fl., allt eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir um.